LÖG

36
27. júní

um

skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

37
27. júní

um

breyting á lögum nr. 2, frá 27. mars 1924, um heimild fyrir ríkisstjórninа til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi 1. gr. laganna: „Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að“ skal koma:

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1927 að,

37
27. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.

38
27. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

2. gr. laganna skal orða svo:

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem ákvæðisverð prestsmötugjalds nemur, sbr. 5.—7. gr. laga nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Kaup skulu síðan gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.